

**Svar umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags 18. febrúar 2020 við fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um almenningssalerni í miðborginni.**

Vísað er til fyrirspurnar áheyrnafulltrúa Miðflokksins varðandi útisalerni í Reykjavík, dagsett 30. janúar 2020 málnúmer R20010387. Fyrirspurnin er svohljóðandi: „Hver er staðan á útisalernum í Reykjavík eftir að samstarfssamningur um þau rann út um áramót?“

Skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlandsins komst að samkomulagi við þáverandi eiganda salerna um kaup á þeim gegn vægu gjaldi. Þessi lausn var talin hagkvæmust og hugsuð sem tímabundin til að tryggja þessa þjónustu þangað til ný salerni yrðu boðin út og sett upp. Keypt voru öll salerni ásamt þjónustubifreið sem reyndar nýtist að mestu leiti í önnur verkefni, auk aðgangs að sérfræðiþjónustu fyrrum eiganda, enda þekking á rekstri sjálfvirkra almenningssalerna af skornum skammti. Í heild voru greiddar 10 mkr án virðisauka fyrir salernin til Reykjavíkurborgar í þáverandi ástandi ásamt öllum þeim skyldum sem þeim fylgja og var skipting kostnaðar sem hér segir:

- Salerni ásamt öllum þeim íhlutum og lager sem til staðar var við undirritun samnings, samtals 5 mkr.
- Bifreið með öllum búnaði sem jafnframt nýtist í umhirðu strætóskýla og umferðarskilta samtals 3 mkr.
- Sérfræðiþjónusta: 2 mkr.

Eitt salerni hefur verið bilað frá því um mitt ár 2019 en það salerni var ekki innifalið í síðustu framlengingu á útboði um rekstur þeirra og mun Reykjavíkurborg ekki koma til með að kosta viðgerð á því. Hugmyndin er að taka það niður og nýta hluta úr því í varahluti. Það eru því sex salerni í rekstri í dag.

Með ofnagreindri lausn skertist ekki þjónusta almenningssalerna í Reykjavík og féll aldrei niður.

Áhersla er lögð á að hér er um að ræða skammtímalausn sem brúa á bilið þar til frambærilegri lausn verður að veruleika sem vonandi verður í ágúst á þessu ári. Verði það raunin, mun heildarkostnaður Reykjavíkurborgar vegna kaupa og niðurrifs eldri salerna líklega verða sambærilegur eða heldur minni en framlenging þjónustusamnings til 8 mánaða hefði komið til með að kosta.

Virðingarfyllt,

Hjalti J. Guðmundsson

Skrifstofustjóri reksturs og umhirðu borgarlandsins.